

Samstarfsaðilar ERU 22, opinberir bæði og einkaaðilar frá 5 löndum, Búlgaríu, Íslandi, Ítalíu, Rúmeníu og Spaní.

## HÉRAÐSSTJÓRNIN Í AREZZO (Ítalíu) verkefnisstjórn

### MELIUS (Ítalíu)

tæknistjórn og alþjóðleg samvinna  
lykilaðili > innihald/aðferðir

LYNX (Ítalíu) lykilaðili > hugbúnaður

TOTEM (Ítalíu) lykilaðili > vélbúnaður

MASTERSTUDIO (Ítalíu) lykilaðili > hönnun/  
samskipti/dreifing upplýsinga

CITY HALL OF IASI (Rúmenía) prófun kerfis

PEKKINGARNET AUSTURLANDS (Íslandi)  
þjálfun ráðgjafa

DIPUTACIÓN DE JAÉN - Hérðasstjórnin í  
(Spáni) prófun kerfis

FAFFE - FUNDACIÓN ANDALUZA FONDO DE  
FORMACIÓN Y EMPLEO - Stofnun um þjálfun og vinnu

(Spáni) þjálfun ráðgjafa

CAMARA DE COMERCIO DE JAÉN - Viðskiptaráð Jaén

(Spáni) prófun kerfis

SAITC, RÍKISSTOFNUN UM UPPLÝSINGAR, TÆKNI OG

SAMSKIPTI (Búlgaríu) úttekt

ZNANIE STOFNUNIN Í SOFIU (Búlgaríu) þjálfun

ráðgjafa

ICENTRES SAMTÖKIN (Búlgaríu) prófun kerfis

POLY METIS (Búlgaríu) úttekt

AYUNTAMIENTO DE VILA-REAL - borgarstjórnin í Vila-

Real (Spáni) prófun kerfis

HAFNARFJARDARBÆR (Íslandi) úttekt

RANNSÓKNAPJÓNUSTA Háskóla Íslands/Evrópumiðstöð

náms- og starfsráðgjafar (Íslandi) prófun kerfis

COOPERATIVA O.R.SO. (Ítalíu) prófun kerfis

ASSOCIAZIONE GI.O.C. (Ítalíu) úttekt

Cooperativa sociale STUDIO PROGETTO 2 (Ítalíu)

prófun kerfis

E.N.A.P. (Ítalíu) þjálfun ráðgjafa

[www.egos-cip.eu](http://www.egos-cip.eu)

eða sendið tölvupóst til [info@egos-cip.eu](mailto:info@egos-cip.eu)

Evrópusambandið styrkir verkefnið í gegn um Tölvu- og upplýsingatækni stuðningsáætlun sína (ICT PSP) sem er hluti af áætluninni Samkeppni og nýsköpun. Frekari upplýsingar eru á [http://ec.europa.eu/ict\\_psp](http://ec.europa.eu/ict_psp).

Innihaldið í þessu riti eru eingöngu frá höfundi komið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber enga ábyrgð á því eða notkun þess.

Project  
CIP ICT PSP  
224971



# Taktu þátt í frábæru verkefni



Fjarráðgjöf um nám og störf sem byggist á notkun tölvu- og upplýsingatækni: ný lausn í rafrænni opinberri þjónustu fyrir alla.



## Verkefnið

eGOS (E-GOvernance and e-guidance Services eða rafræn stjórnsýsla og ráðgjöf) er fjarráðgjöf um nám og störf. Stefnt er að því að fólk sem af ýmsum ástæðum á erfitt með að fá hefðbundna ráðgjöf eða fær hana alls ekki geti nýtt sér þessa ráðgjöf. Markmiðið með eGOS verkefninu er að auka atvinnuþátttöku með tilraunarpjónustu sem byggist á nýjustu þjónustuaðferðum og miðast einkum við fólk sem stendur höllum fæti vegna landfræðilegra aðstæðna, líkamlegrar fötlunar eða vandamála í einkalífi eða starfi eða einfaldlega vill heldur sækja sér ráðgjöf á þennan hátt en augliti til auglitis við náms- og starfsráðgjafa. Ókeypis hugbúnaður sem kallaður er WISP (Web-based Integrated Services Platform - eða Samþættur þjónustugrunnur á netinu) er notaður til að birta upplýsingar og bjóða upp á ráðgjöf og stuðning með hjálp nýjustu samskiptatækni, t.d. myndfunda,

tölvupósts, spjallsvæða á netinu o.s.frv.

Miðlunarkerfinu, sem verður lykilþáttur WISP kerfisins, má lýsa sem rafrænni verkefnaaskrá sem neytendur og þjónustuveitendur deila. Þjónustan er aðgengileg í gegn um tölvu að heiman, úr eGOS þjónustustöndunum eða úr tölvum sem komið hefur verið upp í þessum tilgangi.

Þessi þjónusta mun ekki koma í stað hefðbundinnar náms- og starfsráðgjafar, hún verður hluti verkefnisins en allt



annað verður viðbót. Þjónustunotendur sem ekki vilja fjarþjónustu fá aðstoð á hefðbundin hátt eins og alltaf.

Ráðgjöfin er í fjórum þrepum. Hið fyrsta er opið öllum án þess að þeir skrái sig eða fái neina aðstoð ráðgjafa. Á öðru, þriðja og fjórða þrepi þjónustunnar veita menntaðir náms- og starfsráðgjafar fólki þjónustu sem miðast við þarfir hvers og eins og reyna þannig að aðstoða þá við að taka ákvörðun um framtíðina og að meta starfshæfni sína og þörf á frekari menntun, hvort sem er heima eða erlendis. Annað, þriðja og fjórða þrep ráðgjafarinnar byggist á að notendur skrái sig inn í kerfið og fari fram á viðtal við ráðgjafa. Hvernig það viðtal fer frem, er ákveðið sameiginlega af hverjum notanda og ráðgjafa hans.

Þessi aðferð mun hafa mikil áhrif á viðhorf neytenda sem þurfa sjaldnar að ferðast á milli staða, sem vitaskuld er umhverfisvænt, og komast hjá því að heimsækja opinberast stofnanir sem eru þungar í vöfum.

Evrópusambandið styrkir verkefnið í gegn um Tölvu- og upplýsingatækni stuðningsáætlun sína (ICT PSP) sem er hluti af áætluninni Samkeppni og nýsköpun. Frekari upplýsingar eru á [http://ec.europa.eu/ict\\_psp](http://ec.europa.eu/ict_psp).

Frekari upplýsingar eru á vef eGOS verkefnisins:

**[www.egos-cip.eu](http://www.egos-cip.eu)**

Einnig er hægt að senda okkur tölvupóst á [info@egos-cip.eu](mailto:info@egos-cip.eu)